

Skýrsla
Evrópufundar AI-Anon EZM2021
3.-5. september 2021

Þátttakendur voru frá 20 löndum og var yfirskrift fundarins “Sponsorship”, auk þess voru fulltrúar frá WSO, alþjóðaskrifstofunni í Bandaríkjunum. Fundurinn fór fram á Zoom og voru tveir þátttakendur frá Íslandi.

Frummælandi var fulltrúi frá Rússlandi sem var með áhugaverðan flutning um **AI-Anonlesefni og það gífurlega vandamál að senda, þýða og kaupa ráðstefnusamþykkt lesefni AI-Anon í Rússlandi.**

Að auki voru erindi um **Almannatengsl á Covid-tímum** flutt af frönskumælandi hluta Belgíu og fulltrúi Danmerkur flutti erindið **Áhrif faraldursins á evrópsku persónuverndarstefnuna og hvernig nýta megi áhrif þessa tímabils til að skapa tækifæri.** Þar kom fram að netfundum hefði fjölgað á tímum faraldursins.

Efst á baugi voru hins vegar málefni tengd **rafrænum fundum**, sem sprottið hafa upp úr faraldrinum víðs vegar um lönd, m.a. í Evrópu. Alþjóðaráðstefnan, WSC2021, sem haldin var í apríl sl. bar yfirskriftina “*Electronic meetings become AI-Anon meetings*”. Þar var samnefnd tillaga borin fram og samþykkt, þannig að nú verða eftirleiðis rafrænir fundir að sjálfstæðum AI-Anonfjölskyldufundum.

Miklar umræður voru meðal fulltrúanna um tilhögun rafrænna funda á EZM- fundinum og um framtíð þeirra. Fulltrúarnir frá WSO sem sátu EZM-fundinn fræddu okkur um ákvörðun WSC2021 ráðstefnjuna. Þannig verða eftirleiðis rafrænir fundir skráðir í hverju landi fyrir sig í stað þess sem áður var að rafrænir fundir óháð tungumáli voru skráðir hjá WSO.

Rafrænir fundir sem halda áfram eftir Covid geta nú orðið formlegar deildir, sem tengjast inn í okkar uppbyggingu og verða nú hluti af þjónustuuppbyggingu hvers lands. Gert er ráð fyrir

að netfundir þessir hafi deildarfulltrúa og virki eins og venjulegar Al-Anondeildir, nema að þeir fara fram í netheimum.

Rætt var um “hybrid meetings”, þ.e. blandaðir fundir sem eru á sama tíma í raunheimum og á netinu.

Rætt var um Alateen. Fulltrúarnir frá Bandaríkjunum sögðu frá því að þar hafi þurft að loka fjölda Alateenfunda á svæðum þar sem sponsorarnir höfðu ekki farið á árlegt námskeið til leyfisendurnýjunar, sem er skilyrði til að sponsa þar Alateenfundi, en þar eru reglur mjög strangar varðandi vinnu við Alateenfundina.

Næsti EZM fundur verður haldinn 2023 í Úkraínu í Kieve, en fundirnir eru haldnir 4. hvert ár í Essen í Þýskalandi.

Síðasta Alþjóðaráðstefna Al-Anon WSC, var haldin í apríl s.l. WSC, og þar þar hæst tillagan:.

Næsta alheimsráðstefna verður haldin í apríl 2022 í New York.